



Fundargerð

227. fundur stjórnar HEF ehf haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 19. júlí 2017 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Skýrsla framkvæmdsþjóra
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Innkomin erindi

- a) Áform um breytta landnotkun í landi Mýness, bréf dags. 7. júlí 2017, beiðni um umsögn HEF ehf. Svæðið er ekki á dreifisvæði veitna HEF ehf. og þar af leiðandi hefur breyting á skipulagi ekki áhrif á starfsemi HEF ehf.
- b) Umsögn Samorku um drög að reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 460/2015, um baðstaði í náttúrunni. Lagt fram til kynningar.
- c) Tilboð í borun undir vegi samkvæmt lista, tilboð bárust frá ÍAV og Línuborun. Tilboð ÍAV var hafnað, á tæknilegum forsendum. Ákveðið að taka tilboði Línuborunar og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi. Framkvæmdastjóri sendir til stjórnarmanna samanburð miðað við áður framlagða áætlun.
- d) Skýrsla ISOR Eftirlit með jarðhitasvæðinu við Urriðavatn árin 2011–2016.

Eftirfarandi er útdráttur skýrsluhöfunda.

Í skýrslunni, sem er unnin fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella, er fjallað um eftirlit með jarðhitasvæðinu undir Urriðavatni vegna jarðhitavinnslu árin 2011–2016. Fjallað er um vinnslu, vatnsborð, vatnshita úr jarðhitakerfinu og efnainnihald vatnssýna sem voru tekin til greininga. Meðalvinnsla veitunnar hefur aukist um 26% frá 2010 til 2015 og náði hámarki þá. Ársmeðalvinnsla var 52,7 l/s árið 2016 sem er lítilsháttar minnkun frá vinnslu undangengins árs (55,8 l/s). Ársmeðalvinnslan jókst að meðaltali um 2% á ári frá 1994 til 2003. En frá 2003 til 2015 jókst ársmeðalvinnslan um 6,3% á ári að jafnaði. Aukningin er breytileg milli ára og er



m.a. mjög háð veðurfari. Heildarorkuvinnsla var komin yfir 90 GWh fyrir árið 2015 en var heldur minni árið 2016, eða um 88 GWh

Hitastig vatns í vinnsluholum hefur farið hægt lækkandi frá upphafi vinnslu. Þetta er meira áberandi í holu UV-8 en í UV-10B. Á því tímabili sem hér er til skoðunar benda gögnin til þess að hiti hafi lækkað í holu UV-8 um $\sim 0,8^{\circ}\text{C}$ en rétt um $\sim 0,5^{\circ}\text{C}$ í holu UV-10B.

Styrkur kísils og flestra katjóna og anjóna í vatninu fer hægt lækkandi með tíma. Það er vísbending um að heldur kaldara og efnasnauðara vatn verði meira áberandi í jarðhitavatninu þegar þrýstingur kerfinu fellur vegna vinnslu. Styrkur karbónats er hins vegar heldur að aukast í vatninu sem bendir til þess að þetta kaldara vatn sé einnig karbónatríkara. Vatnið hefur ávallt verið lítillega yfirmettað m.t.t. kalks. Yfirmettun er þó ennþá undir þeim mörkum sem reynslan segir að þurfi að ná áður en útfelling kalsíts hefst.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Búið er að ganga frá samningum um endurnýjun lagnar út með Urriðavatnsvegi við Yl ehf. sem er framkvæmdaðili við vegagerðina. Verkið fer í gang fljótlega en verklok áætluð 15. sept. n.k.
- b) Lagnaleið fyrir þrýstilögn frá þjóðvegi 1 og út að Melshorni. Stjórn mælir með að lögnin verði lögð ofan núverandi vegslóða í landi sveitarfélagsins. (Gunnar Jónsson vék af fundi undir þessum lið).
- c) Það eru þrír starfsmenn veitunnar í sumarfrí. Framkvæmdastjóri er að fara í 6 daga frí næsta fimmtudag.
- d) Urriðavatnssundið verður annan laugardag og þátttakan er mjög góð en skráningu lýkur í dag.
- e) Lokið er endurnýjun lagna í Fénaðarklöpp frá þjóðvegi upp að Kaupvangi. Framkvæmdin reyndist mun umfangsmeiri en áætlað var í upphafi.
- f) Eigandi Eiða ehf. heimsótti framkvæmdastjóra með fyrirspurn um heitt vatn út í Eiða. Honum tjáð að ekki sé nógu mikil vatnsnotkun til að mögulegt sé að geta afhent nógu heitt vatn þetta langa leið. Rætti í ljósi þessa að skoða með að halda kynningu með haustinu á möguleikum varmadæla hér í dreifbýlinu.
- g) Verið er að loka málum varðandi kaupin á gömlu fóðurstöðinni.

3. Önnur mál

- a) Engin

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:20

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson